



Auglýsing.

Óveruleg breyting á aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs. Breyting landnotkun lands Hleina í landi Uppsala.

Bæjarráð Fljótsdalshéraðs samþykkt á fundi sínum 26. júní 2017, óverulega breytingu á Aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs vegna breyttrar landnotkunar á Hleinum í landi Uppsala. Breyting er gerð samkvæmt 2.mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Breytingin felur í sér að breyta hluta svæðis fyrir íbúðabyggð, auðkennt B15, í landbúnaðarsvæði. Sá hluti íbúðabyggðar B15 sem færast yfir í flokkinn landbúnaðarland er 3,4 ha að stærð og liggur næst Borgarfjarðarvegi. Eftir standa 16,7 ha í reit B15.

Gert er ráð fyrir lögbýli innan svæðisins sem breytingin nær til undir heitinu Hleinar og búskaparáform þar tengjast hrossarækt.

Með breytingunni er horfið frá fyrri uppbyggingaráformum og mun því stefna um landnotkun eftir breytingu líkjast meira núverandi ástandi og þeirri landnotkun sem er ríkjandi í grenndinni.

Á uppdrættinum verður sú breyting að reitur B15 smækkar og í staðinn kemur landbúnaðarsvæði samkvæmt uppdrætti dags. 20. Júní 2017 mkv. 1:100.000.

Breytingin hefur verið send Skipulagsstofnun til staðfestingar. Þeir sem óska nánari upplýsinga geta snúið sér til skipulags- og byggingarfulltrúi Fljótsdalshéraðs.

f.h. bæjarstjórnar Fljótsdalshéraðs

Gunnlaugur Rúnar Sigurðsson

Skipulags- og byggingarfulltrúi